


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 2	<b>Ísl 103</b>	<b>Kennsluáætlun haustönn 2011</b>

<b>Kennari</b>	Ásbjörg Benediktsdóttir, Fríða Pétursdóttir og Jóna Valborg Árnadóttir	<b>Sk.st.</b>	ÁSBJ, FPÉ og JVÁ
----------------	--	---------------	------------------

### Áfangalýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur treysti kunnáttu sína á öllum sviðum lestrar og ritunar. Megináhersla er lögð á lestur bókmenntatexta bæði í bundnu og óbundnu máli. Í tengslum við lesefnið vinna nemendur með ýmis hugtök bókmennta- og bragfræði og skoða mun á talmáli og ritmáli. Rifjuð verða upp helstu hugtök og reglur í málfræði og stafsetningu. Nemendur fá auk þess þjálfun í fjölbreyttri ritun, tjáningu og notkun hjálpargagna.

### Markmið:

- lesi og greini bókmenntaverk og ýmsa aðra texta.
- geti beitt hugtökum bókmenntafræði í umfjöllun um bókmenntir.
- geti beitt hugtökum bragfræði í umfjöllun um bundið mál.
- þjálfist í að skrifa ýmis konar ritsmíðar.
- geti skrifað skipulega unnar ritsmíðar.
- geti gengið frá texta á viðunandi hátt í tölvu.
- öðlist sjálftraust til að tala og/eða lesa fyrir framan aðra.

### Námsgögn:


*Indjáninn* eftir Jón Gnarr (útg. 2010).

*Íslenska eitt*, eftir Ragnildi Richter Sigríði Stefánsdóttur og Steingrím Þórðarson (útg. 2006)

### Áætlun um yfirferð:

#### 1. Iota 22.8 - 23.9. (5 vikur) Ritun, málfræði og tjáning

*Íslenska eitt* bls. 54-78, 109-114, 125-158. Fjallað verður um byggingu texta og ýmis ritunarverkefni lögð fram til þjálfunar. Helstu handbækur verða kynntar og orðabókaverkefni unnið í framhaldinu. Fjallað verður um mun á ritmáli og talmáli og munnlegur flutningur æfður. Rifjuð upp helstu atriði í málfræði og stafsetningu. Nemendur hefja lestur bókarinnar *Indjáninn*.

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ	<b>Ísl 103</b> <b>Kennsluáætlun haustönn 2011</b>	
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 2		

## **2. lota 26.9 – 28.10. (5 vikur) Bókmenntir**

*Íslenska eitt*, bls. 9-29, 52-54, 78-93. Farið verður í helstu hugtök bókmenntagreiningar og notkun þeirra æfð á textum. Skáldsagan Indjáninn rædd og verkefnið unnin úr henni. Ýmis ritunarverkefni verða lögð fram í tengslum við umfjöllun.

## **3. lota 31.10. - 11.11. (2 vikur) Rökfærsluritgerð**

*Íslenska eitt*, bls. 216-221. Nemendur vinna rökfærsluritgerð.

## **4. lota 14.11. - 30.11. (2½ vika) Ljóð**

*Íslenska eitt*, bls. 30-49, 63-65, 96-108, 119-121, 124. Farið verður ítarlega í myndmál og stílbrögð ljóða.

### **Verkefni:**

Nemendur vinna margvísleg verkefni og skila þeim ýmist munnlega eða skriflega. Verkefnamöppu á að skila í lok annarri lotu og rökfærsluritgerð eftir lotu 3. Samanlagt vægi námsþátta á önn er 50% sem reiknast á móti lokaprófi.

### **Námsmat og vægi námsþátta:**

Krossapróf og verkefni úr Indjánanum 15%

Verkefnamappa 10%

Rökfærsluritgerð 10%

Stafsetning og málfræði 5%

Próf/verkefni úr ljóðum 5%

Lokapróf 50%

**Nemendur verða að fá a.m.k. 4,5 á lokaprófi til að verkefni annarinnar fái metin.**

**Þessi kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar!**

### **Dagsetning:**

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils